



GREINARGERÐ
 Deiliskipulagsreitirinn er u.þ.b. 5 ha að stærð. Hann afmarkast af byggðinni við Hjallatanga, Móholti, Búðanesvegi, Stykkishólmsvegi og Fúlutjörn.

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Stykkishólms 2002 til 2022. Þar er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og nánar skilgreint sem svæði fyrir hesthúsabyggð. Í greinargerð með aðalskipulaginu er sagt að stefnt skuli að sem hagstæðustum skilyrðum fyrir hestamenn.

Á svæðinu eru átta hús og flest eru þau skipt í nokkrar einingar. Elstu húsin eru byggð um 1974. Húsin hafa svipað yfirbragð, form og lit. Þá er einnig á svæðinu gerði, skeiðvöllur og reiðgötur. Gámur er á svæðinu fyrir baggaplast en annað sorp sem til fellur er losað af hverjum og einum á sorpstöðina.

Í skipulaginu eru skilgreindar fimm nýjar lóðir. Fjórar eru undir hesthús og ein undir reiðskemmu. Einnig eru skilgreind bílastæði og leiðbeinandi staðsetning fyrir slíga, heyrullur og taðgáma. Allt tað er fjarlæggt af svæðinu.

Ný hús skulu laga sig að eldri byggð í yfirbragði og litasetningu. Nota skal jarðliti.

Stærðir lóða eru til viðmiðunar og eru nánar tilgreindar á mæli- og hæðarblöðum. Eins er þar tilgreind hæðarlega í landi.

Kortagrunnur: Loftmyndir ehf



HLUTI AÐALSKIPULAGS STYKKISHÓLMSBÆJAR 2002-2022

- SKÝRINGAR**
- afmörkun deiliskipulags
 - svæði fyrir hesthúsabyggð
 - lóðamörk
 - B1, B2 byggingarreitir - heimilt er að fullbyggja reiti
 - max hæð fyrir B2 - reiðskemma gólfhæð skemmu 0,5 m undir landhæð
 - max hæð fyrir B1 - hesthús
 - stærð lóðar
 - mænisstefna
 - bílastæði - leiðbeinandi staðsetning
 - kvöð um lagnaleið
 - gróður, skjólbelti - leiðbeinandi staðsetning
 - gönguleið - leiðbeinandi staðsetning
 - taðgámur - leiðbeinandi staðsetning
 - geymslusvæði heyrulla - leiðbeinandi staðsetning

Deiliskipulag þetta var samþykkt af skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólms þann 7. maí 2011
Bjarni Sigrúnar Vilhjálmsdóttir
 f. h. Skipulags- og byggingarnefndar

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð samkv. gr. 41 í lögum nr. 123 / 2010, var samþykkt í bæjarstjórn þann 19. maí 2011
Gudá Steinsdóttir
 Bæjarstjóri Stykkishólms

HESTHÚASVÆÐIÐ FÁKABORG STYKKISHÓLMI
 340 STYKKISHÓLMI

DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

Breyting:	Toikn.nr.:	A-01	GLÁMA·KÍM
Útgáfud.: 10.01.2011	Mkv.:	1:1000	
Verknr.: 1003016	Toikn.:	BBJ	Yfirf. SK

ARTIKLEKTAR LUGAVEGI 164 ÖHT, 105 REYKJAVÍK
 S: 530-8100, F: 530-8101, KT: 560 496 2739
 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is



SKURÐUR A-A 1:1000